





VR 2019

Umbrot/útlit: Tómas Bolli Hafþórsson

Ljósmyndir: Birgir Ísleifur og úr auglýsingaherferðum VR „Georgskjör“ og „Þekktu þín mörk“

Prentun: Oddi ehf.


Athugið að fjárhagslegar upplýsingar í ársskýrslunni sem vísa til reksturs eða sjóða félagsins miða við almanaksárið en upplýsingar um starfsemi félagsins að öðru leyti miða við starfsár stjórnar á milli aðalfunda, nema annað sé tekið fram.

Félagið í hnotskurn	4	
Ávarp formanns	6	
Stjórn VR starfsárið 2018 – 2019	6	
Kjarasamningar	7	
Kjarasamningaviðræður	7	
Fræðsla og auglýsingar í tengslum við kjarasamningaviðræður	9	
Kjaramál	10	
Vinnustaðaeftirlit	10	
Dómsmál	11	
Sjúkrasjóður	12	
Styrkveitingar úr Sjúkrasjóði VR	12	
Sjúkradagpeningar 2017 og 2018	12	
Framkvæmdastjórn Sjúkrasjóðs VR starfsárið 2018 – 2019	12	
Orlofsmál	13	
Ný orlofshús	13	
Afsláttarmiðar og kort	13	
Nýting orlofshúsa 2017 - 2018	13	
Framkvæmdastjórn Orlofssjóðs VR starfsárið 2018 – 2019	13	
Fræðslumál	14	
Starfsmenntamál	14	
Starfsgreinaráð	14	
Stjórnir starfsmenntasjóða starfsárið 2018 – 2019	15	
VIRK starfsendurhæfingarsjóður	16	
Hvatning og stuðningur	16	
Ályktanir, yfirlýsingar og fundir, nefndir	17	
Ályktun stjórnar VR um brotastarfsemi á vinnumarkaði	17	
Yfirlýsing stjórnar VR um vantraust á forseta ASÍ í kjaraviðræðum	17	
Stjórn VR gerir athugasemdir við fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar	17	
Yfirlýsing formanns VR vegna vinnubragða Sjómannafélags Íslands	17	
Yfirlýsing formanns VR um stuðning við kjarabaráttu ljósmæðra	17	
Yfirlýsing formanns VR vegna vals á formanni hæfnisnefndar	17	
Yfirlýsing formanns VR vegna afstöðu stjórnar VR til forseta ASÍ	17	
VR skorar á atvinnurekendur vegna frídags verslunarmanna	17	
VR mótmælir afskiptum Hvals hf. af stéttarfélagsaðild	17	
LÍV mótmælir sjálfstöku launa stjórnenda í íslenskum fyrirtækjum	17	
Fundir starfsárið 2018 – 2019	18	
Nefndir og stjórnir	18	
Erlend samskipti	19	
Önnur starfsemi	20	
Lagabreytingar	20	
Leigufélagi VR veitt viljrði fyrir byggingalóð	20	
Máli VR vegna ákvörðunar kjararáðs vísað frá	20	
Nýtt samkomulag um stjórnkerfi lífeyrissjóða	20	
VR varasjóður	20	
Starfsemi þjónustudeildar 2018	20	
Rannsóknir og kannanir	20	
Útgáfu- og kynningarmál	21	
Fyrirlestrar, námskeið og fræðsla	21	
Allsherjaratkvæðagreiðsla um kjör vegna framboða til trúnaðarstarfa	22	
Félagsmál	22	
Skipulag skrifstofu VR	24	
Fastráðnir starfsmenn á skrifstofu 1. mars 2019	24	
Kjörin stjórn og trúnaðarráð árið 2018	25	
Trúnaðarráð	25	
Trúnaðarmenn á vinnustöðum	25	
Ársreikningur 2018	26	
Skýrsla stjórnar	26	
Áritanir	27	
Rekstrarreikningur 2018	29	
Efnahagsreikningur 31. desember 2018	30	
Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2018	31	
Skýringar – yfirlit um rekstur sjóða VR árið 2018	32	
Skýringar – efnahagur sjóða VR 31. desember 2018	33	
Skýringar	34	

Almenn starfsemi og þjónusta 2017-2018

	2018	2017
Fjöldi félagsmanna	36.029	35.231
Kjaramál til meðferðar fyrir félagsmenn	1.947	1.859
Starfsmennta- og tómstundastyrkir, fjöldi félagsm.	7.381	6.650
Styrkir úr VR varasjóði, fjöldi félagsmanna	16.449	15.849
Fjöldi bótaþega úr Sjúkrasjóði	1.471	1.302
Fjöldi nýskráðra í þjónustu hjá ráðgjöfum VIRK hjá VR	394	320
Nýting orlofshúsa, fjöldi útleiga	4.621	4.170


Þróun kaupmáttarvísitölu VR




Lykiltölur VR 2018

Félagsgjöld	1.376.581.197
Sjúkrasjóðsiðgjöld	1.944.630.756
Orlofssjóðsiðgjöld	476.012.966
Leiga orlofshúsa og önnur orlofsþjónusta	281.351.036
Aðrar tekjur	172.233.531
Samtals tekjur	4.250.809.486
Bætur og styrkir	1.832.937.479
Greiðsla úr varasjóði	658.253.722
Rekstrargjöld	1.821.181.037
Samtals gjöld, bætur og styrkir	4.312.372.238
Fjármagnsliðir	436.160.604
Hreinar tekjur til ráðstöfunar	374.597.852


Fjöldi kjaramála




Greiðslur úr VR varasjóði 2018




Atvinnuleysi félagsmanna í nóvember ár hvert




Breyting á launavísitölu VR milli ára




Fjöldi félagsmanna




Greiðslur úr Sjúkrasjóði VR, fjöldi pr. 1.000 félagsm.




Mínar síður á vr.is



Kynjabókhald VR 2018



Launamunur kynjanna innan VR skv. launkönnun



ÁVARP FORMANNS

Stjórn VR tókst á við ærin verkefni á starfsárinu 2018 - 2019. Undir lok árs 2018 runnu kjarasamningar félagsins og atvinnurekenda út og eftir stíf fundahöld við Samtök atvinnulífsins var ekki hjá því komist að slíta viðræðum og lýsa þeim árangurslausum. Það verður að segjast eins og er að stjórnvöld hafa ekki staðið undir þeim væntingum sem til þeirra voru gerðar varðandi aðkomu þeirra að samningum. Tillögur þeirra í skatta- og húsnæðismálum, sem lagðar voru fram í febrúar sl., ollu miklum vonbrigðum til að byrja með en síðan þá hafa stjórnvöld sýnt mikinn samstarfsvilja. Þegar þetta er ritað, 19. mars 2019, hafa samningar enn ekki tekist og undirbýr félagið verkfallsaðgerðir, þær fyrstu í yfir 30 ár.

Stjórn VR hefur samþykkt tillögur að endurskoðun á stefnu félagsins en markmið vinnunnar var að laga starfsemi VR að breyttum samfélagslegum aðstæðum. Skilgreint var hlutverk VR sem er að bæta kjör félagsmanna, standa vörð um áunnin réttindi, sækja fram fyrir hönd þeirra á sviðum kjara- og réttindamála og veita þjónustu á tengdum sviðum. Gildi félagsins voru endurskoðuð og eru nú framsækni, fagmennska og forysta.

Kjaramálum fjölga jafnt og þétt milli ára en árið 2018 voru þau 2.196 samanborið við 2.015 árið á undan. Það er því aukning um 9%. Um áramótin 2018 - 2019 voru alls 144 mál í vinnslu hjá sérfræðingum kjaramálasviðs, 67 þeirra á borði lögmanns VR.

Stjórnir starfsmenntasjóðanna samþykktu að hækka hámarksstyrk í allt að 130 þúsund krónur á ári eða 390 þúsund krónur í uppsafnaðan styrk eftir þrjú ár. Það er mikið gleðiefni að félagsmenn okkar geti nýtt sér aukna styrkveitingu til þess að sækja sér menntun.

Styrkveitingar úr Sjúkrasjóði VR hafa aukist gríðarlega en heildarútgjöld vegna sjúkradagpeninga hækkuðu í 1.740 milljónir króna árið 2018 úr 1.254 milljónum króna árið á undan. Geðraskanir eru enn stærsti flokkurinn ásamt stoðkerfisvandamálum en það er mikið áhyggjuefni að félagsmenn VR séu að hverfa af vinnu-markaði vegna þessa. Það var meðal annars af þeim sökum sem félagið réðst í mikla auglýsingaherferð á árinu 2018 um kulnun í starfi undir heitinu „Þekktu þín mörk“. Markmiðið með herferðinni

var að vekja athygli á þeim gríðarlega neikvæðu áhrifum sem álag í starfi hefur á fólk. Auglýsingaherferðin var meðal annars tilnefnd til Lúðursins, íslensku auglýsingaverðlaunanna, og FÍT verðlaunanna en FÍT eru samtök grafískra hönnuða og myndhöfunda.

Í desember fór félagið af stað með aðra auglýsingaherferð sem nefnist „Georgskjör“ en þar lék Jón Gnarr hinn óborganlega Georg Bjarnfreðarson úr Vaktarseríunum. Þar er Georg orðinn verslunar-eigandi og talar nú máli atvinnurekenda en heldur lítið fer fyrir réttindum starfsmanna Georgs og þau brotin og óvirt í hvívetna. Með þessum auglýsingum vildi félagið vekja athygli á þeim réttindum sem hafa áunnist í gegnum tíðina en auglýsingunum var einnig ætlað að vera ákveðið innlegg í kjaraviðræðurnar. Auk auglýsinganna voru gerð fræðslumyndbönd um helstu málefni sem félagið leggur áherslu á í kjaraviðræðunum. Myndböndin voru í dreifingu á samfélagsmiðlum félagsins en þau má einnig sjá á vef VR, vr.is.

Stjórn VR samþykkti árið 2018 stofnun leigufélags með það að markmiði að bjóða eins lága leigu og mögulegt er og tryggja þannig húsnæðisöryggi á leigumarkaðnum. Borgarráð samþykkti svo í nóvember að veita VR vilyrði fyrir úthlutun lóðar og sölu byggingarréttar í Úlfarsárdal. Það eru því spennandi tímar framundan hjá Leigufélagi VR og er það von okkar í stjórninni að leigufélagið gagnist félagsmönnum okkar sem hingað til hafa ekki búið við langvarandi húsnæðisöryggi. Einnig skiluðu viðræður VR við Almenna leigufélagið frýstingu leiguverðs og boð um langtímaleigusamninga.

Félagsmenn í Verslunarmannafélagi Suðurnesja samþykktu í atkvæðagreiðslu sem lauk þann 13. mars 2019 að sameina félagið VR. Félögin munu því sameinast þann 1. apríl 2019, verði sameiningin samþykkt á aðalfundi VR þann 27. mars. Það er því ljóst að það stefnir í frekari fjölgun í félaginu, félagsmenn voru 36.029 í árslok 2018 en 35.231 við lok árs 2017.

Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR



Í efri röð frá vinstri eru Guðrún Björg Gunnarsdóttir, Arnþór Sigurðsson, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Birgir Már Guðmundsson, Guðrún Björk Halbjörnsdóttir, Sigmundur Halldórsson, Ólafur Reimar Gunnarsson, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Dóra Magnúsdóttir og Agnes Erna Estherardóttir. Sitjandi frá vinstri eru Sigurður Sigfússon, Harpa Sævarsdóttir, Ragnar Þór Ingólfsson, Helga Ingólfssdóttir og Friðrik Boði Ólafsson. Á myndina vantar Bjarna Þór Sigurðsson, Elizabeth Ann Courtney og Unni Maríu Pálmadóttir.

STJÓRN VR STARFSÁRIÐ 2018 - 2019

Ragnar Þór Ingólfsson formaður
Helga Ingólfssdóttir varaformaður
Harpa Sævarsdóttir ritari

Arnþór Sigurðsson, Birgir Már Guðmundsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Dóra Magnúsdóttir, Elizabeth Ann Courtney, Friðrik Boði Ólafsson, Guðrún Björg Gunnarsdóttir, Guðrún Björk Halbjörnsdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Sigríður Lovísa Jónsdóttir og Unnur María Pálmadóttir.

Varamenn: Sigurður Sigfússon, Agnes Erna Estherardóttir og Sigmundur Halldórsson.

KJARASAMNINGAVIÐRÆÐUR

Kjarasamningar VR og atvinnurekenda runnu út í lok árs 2018. VR gerir heildarkjarasamning við Samtök atvinnulífsins (SA) annars vegar og Félag atvinnurekenda (FA) hins vegar en samningarnir eru nánast samhljóða. Umfjöllun um kröfugerðir og samninga í ársskýrslunni miðar við samning VR og SA en mikill meirihluti félagsmanna VR starfar samkvæmt þeim kjarasamningi.

Á árinu 2018, í aðdraganda kjarasamningaviðræðna, voru haldnir nokkrir óformlegir fundir með SA sem og reglulegir fundir fulltrúa verkálýðshreyfingarinnar og stjórnvalda þar sem málin voru rædd. Formlegur undirbúningur VR fyrir viðræðurnar og mótun kröfugerðar félagsins hófst snemma vors 2018. Í byrjun apríl 2018 var skipað í kjaramálanefnd VR en hlutverk hennar var að hafa umsjón með mótun kröfugerðar félagsins. Nefndin fundaði þann 17. apríl það ár í fyrsta skipti þar sem lögð voru drög að verkáætlun og næstu skref ákveðin.

Um miðjan maí var haldinn vinnufundur trúnaðarráðs félagsins þar sem fjallað var um helstu áherslur í komandi samningaviðræðum, bæði gagnvart atvinnurekendum og stjórnvöldum. Í maí hóf kjaramálanefnd einnig undirbúning að könnun meðal félagsmanna um áherslur í viðræðunum, sem síðan var lögð fyrir um 20 þúsund félagsmenn í ágúst. Alls tóku um 3.600 þátt í könnuninni sem lauk í byrjun september. Niðurstöðurnar voru kynntar á fjölmönnum vinnufundi trúnaðarráðs og trúnaðarmanna um miðjan september og hafðar til hliðsjónar við mótun kröfugerðar félagsins í kjarasamningaviðræðunum, bæði gagnvart atvinnurekendum og stjórnvöldum.

Kröfugerð VR gagnvart atvinnurekendum var lögð fyrir stjórn VR þann 10. október 2018 þar sem hún var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. Trúnaðarráð fundaði 15. október og samþykkti kröfugerðina sem og kröfur VR á hendur stjórnvöldum með öllum greiddum atkvæðum eftir fjörugar umræður.

Stjórn VR, sem jafnframt er samninganefnd félagsins, tók þá ákvörðun að VR og Landssamband ísl. verzlunarmanna færu fram saman í viðræðum við atvinnurekendur og legðu fram sameiginlega kröfugerð, sem var gert á fundi með SA 19. október 2018 þegar kjarasamningaviðræðurnar hófust formlega.

Kröfugerð VR gagnvart samtökum atvinnurekenda

Hér að neðan má sjá helstu atriði í kröfugerð VR og Landssambands ísl. verzlunarmanna gagnvart Samtökum atvinnulífsins sem samþykkt var á fundi trúnaðarráðs VR um miðjan október og kynnt á fundi með viðsemjendum félagsins nokkrum dögum síðar. Kröfugerð gagnvart Félagi atvinnurekenda er nánast samhljóða.

Launaliður kjarasamninga

VR gerir þá kröfu að lágmarkslaun fyrir dagvinnu dugi fyrir mannsæmandi lífi en lægstu laun eru ekki í neinum takti við það sem þarf til lágmarksframfærslu. Í kröfugerð VR segir að félagið telji

mikilvægt að taka sérstakt tillit til stöðu þeirra sem hafa lægstu launin og er því lagt til að samið verði um krónutöluhækkun launa.

- VR gerir kröfu um kr. 42.000 hækkun á launum frá og með 1. janúar 2019, þannig að lágmarkslaun verði þá kr. 342.000. Öll laun hækki um kr. 42.000.
- VR gerir kröfu um kr. 42.000 hækkun frá og með 1. janúar 2020 þannig að lágmarkslaun verði þá kr. 384.000. Öll laun hækki um kr. 42.000 kr.
- VR gerir kröfu um kr. 41.000 hækkun frá og með 1. janúar 2021 þannig að lágmarkslaun verði kr. 425.000. Öll laun hækki um kr. 41.000 kr.

Taxtar og byrjunarlaun

Þá er gerð sú krafa að taxtakerfi kjarasamninga VR og atvinnurekenda verði tekið til gagngerrar endurskoðunar, nánast allir grunntaxtar í samningum séu undir lágmarkstekjutryggingu. VR gerir þá kröfu að launataxtar endurspegli laun á vinnumarkaði og að enginn taxti verði undir lágmarkslaunum.

Þá krefst VR þess að breytingar á launatöxtum byrjunarlauna í kjarasamningum 2015 verði afturkallaðar og að launataxtar byrjunarlauna verði færðir til sama horfs og áður, þ.e. að byrjunarlaun miði við 18 ára aldur en ekki 20 ára.

Stytting vinnuvikunnar

VR gerir þá kröfu að vinnuvika félagsmanna verði stytt, án launaskerðingar, í 35 stundir á viku, bæði hjá skrifstofu- og verslunarfólki.

Lífeyrisréttindi

Í kjarasamningi Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins frá 21. janúar 2016 var samið um að hækka móttframlag atvinnurekenda í lífeyrissjóði úr 8% í 11,5%. VR gerir þá kröfu að launafólk hafi fullt val um ráðstöfun þessarar hækkunar í séreignarsparnað, samtryggingu eða til niðurgreiðslu húsnæðislána.

Veikindaréttur

VR gerir þá kröfu að launagreiðslur vegna veikinda og slysa verði samræmdar og launagreiðslur vegna vinnuslysa verði þær sömu og vegna veikinda.

Jafnframt gerir félagið þá kröfu að skerðingar vegna aldurs á bótum fyrir varanlega örorku verði felldar niður enda gangi þær gegn ákvæðum laga nr. 86 frá árinu 2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði.

Þá leggur VR áherslu á að veikindaréttur vegna barna nái til barna og ungmenna allt að 18 ára aldri og verði jafnframt útvíkaður til að mæta veikindum maka og foreldra félagsmanna.

Þá ítrekar VR þá kröfu félagsins að allur kostnaður vegna komugjalda og læknisvottorða verði greiddur af atvinnurekanda, óski hann eftir vottorði vegna veikinda.

Réttindi eldra starfsfólks á vinnumarkaði

Fara þarf sérstaklega yfir stöðu starfsfólks 70 ára og eldri á vinnumarkaði sem ekki greiðir lengur iðgjald í lífeyrissjóð og fær heldur ekki móttframlag atvinnurekenda. VR gerir þá kröfu að atvinnurekendur tryggji að móttframlag atvinnurekenda í lífeyrissjóð skili sér í hækkun launa til eldra starfsfólks eða verði ráðstafað á annan hátt sem er í samræmi við vilja þess.

Húsnæðismál

VR leggur til að stofnað verði óhagnaðardrifið húsnæðisfélag og fjámögnun þess verði tryggð. Slíkt félag gæti verið fyrsta skrefið að þjóðarsátt á húsnæðismarkaði þar sem stjórnvöld og sveitarfélög sem og fyrirtæki og fólkið í landinu taka höndum saman.

Starfsmenntamál

Haustið 2019 er fyrirhugað að bjóða fagnám í verslun á framhaldsskólastigi sem tilraunaverkefni í samstarfi við fyrirtæki í smásöluverslun sem verði síðan grundvöllur að innleiðingu námsins fyrir verslunarfólk sem uppfylli skilyrði þess. VR gerir þá kröfu að nám þetta verði metið til launa.

Þá gerir VR jafnframt kröfu um að félagsmenn með erlent ríkisfang fái að sækja íslenskunám á vinnutíma og án launaskerðingar.

Aðrar kröfur

- Farið verði sérstaklega yfir kjör starfsfólks í ferðapjónustu.
- Áunnin réttindi félagsmanns færast óskert milli atvinnurekenda.
- Sveigjanleiki í orlofstöku verði aukinn.
- 1. maí verði stórhátíðardagur.
- Ágreiningur, sem uppi hefur verið varðandi ávinnsu orlofs eftir 5 ára starf hjá fyrirtæki, verði leystur.
- Atvinnurekendur auki stuðning sinn við heilsuefingu starfsfólks í forvarnarskyni.
- Aukinn sveigjanleiki verði veittur starfsfólki sem er nærri starfslokum.
- Lágmarksvinnutími á virkum dögum verði 4 klst. eins og um helgar og aldrei verði greitt fyrir skemmri tíma, þó unnið sé skemur.
- Uppgjörstímabil mánaðarlauna verði þannig að ekki standi eftir meira en ein vika ógreidd í hverjum almanaksmánuði.
- Launagreiðslur á rauðum dögum verði settar inn í kjarasamning með skýrari hætti en nú er.
- Farið verði sérstaklega yfir réttarstöðu starfsfólks sem er á bakvöktum.
- Vinnustaðalýðræði verði innleitt á vinnustaði þannig að starfsfólk fái fulltrúa í stjórnir fyrirtækja.
- Allt launafólk beri vinnustaðaskírteini, óháð atvinnugrein.

Kröfur VR á stjórnvöld

VR telur ljóst að stjórnvöld þurfi að koma að gerð kjarasamninga á almennum vinnumarkaði og var samþykkt sérstök kröfugerð á stjórnvöld. Helstu atriði hennar eru:

- Persónuafsláttur verði hækkaður þannig að lágmarkslaun verði skattfrjáls. Tekinn verði upp breytilegur persónuafsláttur þannig að hann lækki við hækkandi tekjur. Lækkandi skattar á lág- og millitekjur verði fjármagnaðir m.a. með hækkun á sköttum þeirra tekjuhæstu. Tryggja þarf að persónuafsláttur fylgi launapróun í landinu. Fjármagnstekjuskattur verði hækkaður þannig að ekki verði mismunur á skattlagningu eftir tekjum.
- VR leggur áherslu á að stofnað verði húsnæðisfélag sem ekki er rekið í hagnaðarskyni. Krafa er um að ríki og sveitarfélög tryggji byggingaland inn í slíkt félag. Gerð er sú krafa til sveitarfélaga að nægt lóðaframboð verði á hverjum tíma þannig að tryggt sé að lóðaverð haldist lágt.
- Áframhaldandi uppbygging íbúða hjá Bjargi íbúðafélagi verði tryggð. Reglur um byggingakostnað og hverjir hafi aðgang að íbúðum verði rýmkaðar hjá húsnæðissjálfsseignarstofnunum eins og Bjargi.
- Tryggja þarf betur réttarstöðu leigjenda gagnvart leigusölum með breytingum á húsaleigulögum. Tryggja þarf rekstrargrundvöll hagsmunasamtaka leigjenda með framlögum úr ríkissjóði.
- Afnema þarf verðtryggingu á neytendalánum og samfara því verði stefnt að lægra vaxtastigi þannig að það jafnist á við það sem gerist í nágrannalöndum okkar.
- Húsnæðisliðurinn verði tekinn út úr lögum um vexti og verðtryggingu.
- Lengja þarf fæðingarorlof í 24 mánuði þannig að bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla verði brúað.
- Barnabætur verði hækkaðar verulega og dregið verði úr skerðingum og viðmiðunarmörk skerðinga verði ekki undir lágmarkslaunum. Draga skal verulega úr tekjuskurðingum í almannatryggingakerfinu.
- Styrkja þarf lagaumhverfi til að taka á brotastarfsemi á vinnumarkaði þannig að tryggt verði að fyrirtæki geti aldrei hagnast á brotastarfsemi heldur beri af henni fjárhagslegan skaða.
- Sameina þarf Vinnumálastofnun og Vinnueftirlit ríkisins og tryggja slíkri stofnun nægt fjármagn til að sinna eftirlitshlutverki. Setja þarf lög til að stöðva kennitölufلاك. Lögfesta þarf samstarf stéttarféлага og eftirlitsstofnana til eftirlits á vinnustöðum og stofnunum veittar valdheimildir til að miðla upplýsingum til stéttarféлага.
- Heilbrigðisþjónusta skal ekki vera markaðsdrifin og jafnt aðgengi tryggt öllum, óháð efnahag og búsetu. Draga þarf úr greiðslupátttöku almennings í heilbrigðiskerfinu. Tryggja þarf gjaldfrjálsan aðgang allra að sálfræðiþjónustu og gera þarf þjóðaráttak í geðheilbrigðismálum með því að veita meiri fjármunum í málaflokkinn.

- VR gerir kröfu gagnvart atvinnurekendum um að fagnám ver- slunarfólks á framhaldsskólastigi verði metið til launa. Tryggja þarf fjármagn frá ríkinu vegna þessa náms, m.a. vegna raun- færnimats, vinnustaðanáms og kennslu í framhaldsskólum.

Kjaradeilu vísað til ríkissáttasemjara

Að mati fulltrúa VR í viðræðum við atvinnurekendur skiluðu þær litl- um ávinningi í október og nóvember 2018. Hugmyndum atvinnu- rekenda um breytingar á dagvinnutímabili var hafnað af stjórn VR (sem jafnframt er samninganefnd félagsins) í desember og um miðjan mánuðinn veitti samninganefndin formanni umboð til að vísa kjaradeilunni til ríkissáttasemjara, ef á þyrfti að halda. Þann 20. desember 2018 samþykkti samninganefndin að fara í viðræður við önnur stéttarfélag um samstarf í kjarasamningaviðræðunum. Dag- inn eftir, eða þann 21. desember, ákváðu svo VR, Efling og Verkalýðs- félag Akraness (VLFA) að vísa kjaradeilum sínum sameiginlega til ríkissáttasemjara. Með þessari ákvörðun klauf VR sig frá samstarfi innan Landssambands ísl. verzlunarmanna og Efling og VLFA klufu sig frá samstarfi innan Starfsgreinasambands Íslands.

Í sameiginlegri yfirlýsingu í tilefni af vísun deilunnar til ríkissátta- semjara sögðu formenn félaganna að viðræður við Samtök atvinnu- lífsins undangengnar vikur hafi verið árangurslausar og að afstaða stjórnvalda væri skýr vísbending um að þau hyggðust ekkert gera til að liðka fyrir viðræðum. Félögin þrjú fóru fram saman í viðræðum hjá ríkissáttasemjara en fyrsti fundurinn var haldinn þann 28. desember 2018. Verkalýðsfélag Grindavíkur bættist við í upphafi árs 2019.

Árangurslausar viðræður

Viðræður undir forystu ríkissáttasemjara stóðu frá lokum desem- ber 2018 til seinni hluta febrúar 2019. Samtök atvinnulífsins lögðu fram tillögur um launalið samninga um miðjan febrúar sem stéttar- félögin fjögur höfðu en lögðu fram gagnþilboð tveimur dögum síðar. Því var hins vegar hafnað af atvinnurekendum.

Þann 19. febrúar lögðu stjórnvöld fram tillögur að breytingum í húsnæðis- og skattamálum. Tillögurnar gerðu m.a. ráð fyrir nýju skattþrepi fyrir lægstu launin sem kæmi að fullu til framkvæmda árið 2020. Félögin fjögur lýstu yfir miklum vonbrigðum með til- lögurnar sem engan veginn kæmu til móts við kröfur stéttarfélag- anna eða sköpuðu grundvöll til að halda viðræðum um endur- nýjun kjarasamninga áfram.

Á fundum stjórnar og trúnaðarráðs VR þann 20. febrúar 2019 var farið yfir stöðuna og samninganefnd veitti formanni heimild til að lýsa yfir árangursleysi viðræðna sem öll félögin fjögur gerðu dag- inn eftir á fundi með ríkissáttasemjara. Formaður VR, Ragnar Þór Ingólfsson, sagði félögin hafa lagt mikið á sig til þess að ná kja- rasamningum. Það hafi ekki tekist og myndu félögin nota þau tæki og töl sem þeim stæðu til boða til að þrýsta á kröfur sínar, þ.m.t. að boða til verkfallsaðgerða.

Verkfallsaðgerðir samþykktar í atkvæðagreiðslu

Á fundi stjórnar VR 22. febrúar 2018 var skipuð verkfallsnefnd sem í sitja fjórir stjórnarmenn, Agnes Erna Estherardóttir, Arnþór Sigurðsson, Friðrik Boði Ólafsson og Elizabeth Ann Courtney.

Á fundi samninganefndar félagsins 25. febrúar var farið yfir og samþykkt skipulag atkvæðagreiðslu um verkfallsaðgerðir og tíma- áætlun aðgerða, að því gefnu að samþykki fengist í atkvæða- greiðslunni. Tillögur um verkfallsaðgerðir voru unnar í samstarfi félaganna fjögurra. Þær gera ráð fyrir staðbundnum verkföllum í ákveðnum fyrirtækjum innan Samtaka atvinnulífsins, stærri hótél- um á höfuðborgarsvæðinu og fyrirtækjum í hópþefreiðaaakstri. Til- lögurnar kveða á um styttri verkföll, í einn til þrjá daga, frá 22. mars til loka apríl en ótímabundið verkfall frá og með 1. maí, hafi ekki verið samið fyrir þann tíma.

Trúnaðarráð VR fundaði undir lok febrúar þar sem farið var yfir stöðuna og haldinn var fundur með trúnaðarmönnum á þeim vinnustöðum sem verkfallsaðgerðum var beint að. Þá var fundað með starfsmönnum á vinnustöðunum, þar sem því var við komið, og haldinn var félagsfundur þann 5. mars, daginn sem atkvæða- greiðslan hófst, þar sem farið var yfir stöðuna í kjarasamninga- viðræðunum, tilhögun atkvæðagreiðslunnar og skipulag aðgerða.

Atkvæðagreiðslan var eingöngu meðal félagsmanna VR á þeim vinnustöðum sem verkfallsaðgerðir beindust að og stóð frá 5. mars til hádegis þann 12. mars 2019. Á kjörskrá voru 959 félagsmenn og greiddu 578 atkvæði sem er 60,3% þátttaka. Alls samþykktu 302 verkfallsaðgerðir eða 52,25% en 262 sögðu nei eða 45,33%. Fjórtán, eða 2,42%, tóku ekki afstöðu.

Verkfall hefst

Fyrsta verkfall VR var áætlað föstudaginn 22. mars, í sólarhring. Daginn áður var langur fundur aðila hjá ríkissáttasemjara og stóð hann fram eftir kvöldi. Á þeim fundi bættist Landssamband ísl. verzlunarmanna við VR og hin félögin en formaður VR hafði fyrr í vikunni tekið við formennsku í LÍV, sjá nánar á bls. 22. Verkfall hófst svo á miðnætti eins og áætlanir félaganna sögðu til um, fyrsta verkfall VR frá árinu 1988 eða í rúma þrjá áratugi.

Þetta var staða mála þegar ársskýrslan fór í prentun.

FRÆÐSLA OG AUGLÝSINGAR Í TENGLUM VIÐ KJARASAMNINGAVIÐRÆÐUR

Undir lok árs 2018 gaf VR út fimm fræðslumyndbönd á vefsíðu og samskiptasiðum félagsins þar sem fjallað var um það helsta sem brennur á félagsmönnum. Meðal efnis var stytting vinnutímans, húsnæðismál, tekjutenging bóta og vextir. Á svipuðum tíma var einnig hrint af stað auglýsingaherferð undir heitinu „Georgskjör“ þar sem fjallað var um réttindi launafólks með skýrskotun í helstu áherslur í kjarasamningaviðræðunum. Sjá nánar á bls. 21.


Sérfræðingar á kjaramálasviði VR tóku á móti 2.196 nýjum málum árið 2018 samanborið við 2.015 árið áður. Aukning milli ára er því um 9%. Ef frá eru talin atvinnuleyfi fyrir erlenda starfsmenn á árinu 2018 var mála fjöldinn alls 1.947 á árinu samanborið við 1.859 árið áður sem er tæplega 5% aukning milli ára. Fjöldi umsagna VR um atvinnuleyfi hefur aldrei verið hærri síðan mælingar hófust, 249 talsins, þar af voru 129 umsagnir um framlengingar og 120 um ný leyfi. Árið 2017 voru umsagnir um atvinnuleyfi 156. Þessa miklu aukningu milli ára má helst rekja til breytinga sem gerðar voru á árinu 2018 þess efnis að námsmenn þurfa nú að fá umsóknir sínar stimplaðar hjá stéttarfélagi en þurftu þess ekki áður.

Félagsmenn með erlent ríkisfang voru um 9% af fjölda félagsmanna að meðaltali á árinu 2018 en um þriðjungur eða 32,8% af þeim heildarfjölda sem óskaði aðstoðar kjaramálasviðs það ár samanborið við fjórðung árið áður.

Fjöldi mála í vinnslu

Um áramótin 2018 og 2019 var VR með 144 mál í vinnslu, þar af voru 67 hjá lögmanni félagsins. Alls voru 85 mál af þessum 144 málum vegna ársins 2018, 44 vegna ársins 2017 en 15 mál voru þaðan af eldri. Á árinu 2018 komu inn á borð kjaramálasviðs 27 gjaldþrotamál sem vörðugu alls 144 félagsmenn. Lítil breyting var á fjölda gjaldþrotamála milli ára, árið 2017 voru málin 26 og vörðugu 94 félagsmenn.

Fjöldi kjaramála



VINNUSTAÐAEFTIRLIT

Í ágúst árið 2010 tók gildi samkomulag Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum. Eftirlitið annast sérstakir fulltrúar sem heimilt er að fara í eftirlitsheimsóknir á vinnustaði sem undir lögin falla til að ganga úr skugga um að atvinnurekandi og starfsmenn hans starfi

í samræmi við gildandi lög, reglugerðir og kjarasamninga. Eftirlitsfulltrúar VR eru tveir, annar er með starfsstöð á Selfossi en hinn í Reykjavík.

Framkvæmd eftirlits


Ef eftirlitsfulltrúum er neitað um aðgengi að vinnustöðum eða ef atvinnurekandi eða starfsmenn hans bera ekki vinnustaðaskírteini á sér geta eftirlitsfulltrúarnir tilkynnt það til Vinnumálastofnunar sem getur krafist þess að atvinnurekandi bæti úr annmörkunum innan hæfilegs frests, að viðlögðum dagsektum. Eftirlitsfulltrúum er heimilt að leita aðstoðar lögreglu við eftirlitið, þegar slíkt þykir nauðsynlegt.

Skráningar 2018

Á árinu 2018 voru skráðir rétt tæplega 7.000 einstaklingar í 300 fyrirtækjum í eftirlitskerfi vinnustaðaeftirlitsins, þar af um 3.400 í ferðum fulltrúa VR. Í eftirlitsheimsóknum eru starfandi einstaklingar skráðir í eftirlitskerfið en einnig eru starfskjör á vinnustaðnum skoðuð sem og aðbúnaður starfsfólks, ef ástæða þykir til, og brot tilkynnt til viðkomandi stofnana, ef þurfa þykir. Ekki er haldin sérstök skráning á slíkum tilkynningum en farið er aftur í fyrirtækin að nokkrum tíma liðnum til að athuga hvort úrbætur hafi verið gerðar. Ef vinnustaðaskírteini eru ekki til staðar er skrifuð eftirlitsskýrsla og voru um 140 skýrslur gerðar á vegum VR á árinu 2018. Gefinn er frestur til úrbóta og fyrirtækið heimsótt aftur að honum loknum. Um það bil 80% fyrirtækja hafa þá gert úrbætur, en hafi fyrirtæki ekki gert það er afrit af eftirlitsskýrslunni sent til Vinnumálastofnunar sem þá sendir aðvörunarbréf á viðkomandi fyrirtæki. Stofnunin hefur heimild til að beita dagsektum sem geta numið allt að einni milljón króna á dag.

Alls voru skráðir 530 vinnustaðir í heimsóknum eftirlitsfulltrúa VR en heimsóknirnar eru mun fleiri þar sem ekki liggja fyrir tölur um hversu oft fyrirtæki er heimsótt á árinu né er tekið tillit til fjölda starfsstöðva. Má áætla að a.m.k. 800 heimsóknir séu að baki þessum 3.400 skráningum.

Atvinnuleysi meðal félagsmanna VR





DÓMSMÁL

Á hverju ári fara nokkur mál sem berast kjaramálasviði fyrir dómstóla. Hér eru rakin tvö slík á starfsári stjórnar 2018 – 2019, bæði varða uppsögn vegna meintra trúnaðarbrot. Í fyrra málinu var félagsmanni VR fyrirvaralaust sagt upp eftir tæplega tveggja ára starf á hóteli og gert að hætta samstundis. Í uppsagnarbréfi var honum m.a. gefið að sök að hafa brugðist trúnaði og sinnt erindum fyrir samkeppnisaðila atvinnurekanda síns. VR benti á að ástæður atvinnurekandans réttlættu ekki fyrirvaralaus brottvikningu úr starfi. Félagsmaðurinn hafi ekki fengið áminningu vegna starfa sinna, sem væri grunnforsenda fyrir því að hægt væri að segja honum upp fyrirvaralaust vegna brota í starfi.

Atvinnurekandinn vísaði í ráðningarsamning félagsmannsins þar sem sagði að hann yrði að helga vinnuveitanda sínum allan sinn tíma og væri óheimilt að vinna beint eða óbeint fyrir aðra án skriflegs samþykkis atvinnurekandans. Þetta ákvæði í samningnum virðist hafa verið túlkað svo af atvinnurekandanum að félagsmaðurinn hafi ekki mátt gera neitt innan sem utan vinnutíma án skriflegs samþykkis vinnuveitanda. Að mati VR felur slík túlkun í sér takmörkun á stjórnarskrárvörðum réttindum. Ákvæðið hafi verið gert við aðstæður þar sem halli á félagsmanninn og sé því óskuldbindandi fyrir hann.

Dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur dæmdi félagsmanninum í vil. Í niðurstöðunni er bent á að atvinnurekanda beri að áminna eða aðvara starfsmann áður en gripið er til fyrirvaralaus brottreksturs, nema sakir séu því meiri. Atvinnurekandinn hafi heldur ekki sýnt fram á að starfsemi félagsmannsins hafi skaðað hagsmuni fyrirtækisins eða stutt samkeppnisaðila.

Seinna málið snýr að því hvort félagsmaðurinn eigi rétt á greiðslu fyrir yfirvinnu og hvort fyrirvaralaus uppsögn hafi verið heimil. VR vann málið í héraði og áfrýjaði atvinnurekandinn því til Hæstaréttar.

Málavextir voru þeir að félagsmaðurinn var ráðinn til starfa í verslun um mitt ár 2015. Í ráðningarsamningi, sem var ekki undirritaður, var ákvæði um trúnaðar- og þagnarskyldu. Atvinnurekandinn hélt því fram að honum hafi ítrekað borist upplýsingar um trúnaðarbrott starfsmannsins og var honum sagt upp störfum í upphafi árs 2016, en óskað var eftir vinnuframlagi á uppsagnarfresti. Mánuði síðar var honum hins vegar sagt fyrirvaralaust upp störfum, bóta-laust, og bar atvinnurekandi við frekari trúnaðarbrottum.

Félagsmaðurinn mótmælti þessu og krafðist m.a. greiðslu fyrir yfirvinnu sem hann sagði hafa verið samið sérstaklega um við gerð ráðningarsamningsins. Atvinnurekandinn hafnaði þeirri kröfu á þeim forsendum að ekki hafi verið samið um yfirvinnugreiðslur og hélt því fram að félagsmaðurinn hafi fyrirgert rétti sínum til frekari launa á uppsagnarfresti.

Í héraðsdómi var fallist á kröfu félagsmannsins um greiðslu yfirvinnu, ekki hafi verið sannað að samið hafi verið um að hann skyldi ekki fá greitt sérstaklega fyrir yfirvinnu. Hæstiréttur hafnaði hins vegar kröfu félagsmannsins um greiðslu fyrir yfirvinnu vegna sönnunarskorts um að fyrir lægi samkomulag um slíkar greiðslur. Hvað varðar riftun ráðningarsamnings féll dómur á báðum dómstigum félagsmanninum í hag. Ekki þótti sannað að félagsmaðurinn hafi brotið gegn trúnaðar- og starfsskyldum sínum þannig að réttlætt hafi fyrirvaralaus riftun á ráðningarsamningi.

STYRKVEITINGAR ÚR SJÚKRASJÓÐI VR

Varðandi tekjur árið 2018 vísast til reikninga aftast í ársskýrslunni. Greiddar bætur sundurliðast þannig:

Styrkveitingar úr Sjúkrasjóði VR

	2018		2017	
	Fjöldi	Upphæð	Fjöldi	Upphæð
Sjúkra- og dagpeningar	1.265	1.739.607.271	1.081	1.253.923.146
Dánarbætur	96	41.853.244	104	42.936.736
Örorkubætur	13	33.186.100	17	20.524.879
Aðrir styrkir til sjóðfélaga	106	18.290.864	117	22.417.700
Bætur og styrkir til félagsmanna samtals*	1.471	1.832.937.479	1.302	1.339.802.461
Að auki styrkir til stofnana og félagasamtaka, fræðslu- og fagfélaga		15.317.765		15.865.612

* Fjöldi einstaklinga, ekki samtala bótaflokka


SJÚKRADAGPENINGAR 2017 OG 2018

Greiðslur úr Sjúkrasjóði VR vegna sjúkradagpeninga hafa hækkað mikið síðustu ár, einkum vegna geðraskana og stoðkerfisvandamála. Heildarútgjöld sjóðsins vegna sjúkradagpeninga hækkuðu úr 1.254 milljónum króna árið 2017 í 1.740 milljónir króna árið 2018 eða um 38,7% en 30,3% að teknu tilliti til launaþróunar og fjölgunar félagsmanna á milli ára.

Hlutfall sjúkradagpeninga af iðgjöldum til sjóðsins hefur hækkað jafnt og þétt síðustu ár eins og sjá má á myndinni. Árið 2017 var þetta hlutfall 67,9% en 88,1% árið 2018. Alls fengu 1.256 félagsmenn greidda sjúkradagpeninga árið 2018 samanborið við 1.081 árið 2017 og er fjölgun milli ára 16,2%.

Stærsti einstaki sjúkdómaflokkurinn er geðraskanir en dagpeningar vegna geðraskana voru alls 36,7% af heildarupphæð sjúkradag-

Skipting sjúkradagpeninga 2018




peninga árið 2018. Að teknu tilliti til fjölgunar félagsmanna og launaþróunar á milli árunna 2017 og 2018 jókst heildarupphæð sjúkradagpeninga vegna geðraskana um 46,4% og um 18,2% vegna stoðkerfisvandamála.

Versnandi afkoma Sjúkrasjóðs VR

Vegna verri afkomu sjóðsins í ár en fyrri ár verður framlag Sjúkrasjóðs í VR varasjóð ekki jafnmikið og verið hefur. Rekstrarniðurstaða sjóðsins, án fjármagnsliða, var neikvæð um tæplega 12 milljónir króna árið 2018. Árið 2017 var 25 milljóna króna hagnaður af rekstri sjóðsins fyrir fjármagnsliði og tæplega 83 milljóna króna hagnaður árið 2016.

Í ljósi þessarar þróunar liggja fyrir aðalfundi VR 2019 tillögur um breytingar á reglugerð sjóðsins sem miða að því að ákvörðun um lengd bóatímabils sé á forræði stjórnar sjóðsins.

Hlutfall sjúkradagpeninga af iðgjöldum



FRAMKVÆMDASTJÓRN SJÚKRASJÓÐS VR STARFSÁRIÐ 2018 - 2019

Dóra Magnúsdóttir sem er formaður, Birgir Már Guðmundsson, Guðrún Björg Gunnarsdóttir, Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir og Ingibjörg Ósk Birgisdóttir. **Varamaður:** Ólafur Reimar Gunnarsson.



Á myndinni eru, efri röð frá vinstri, Guðrún Björg Gunnarsdóttir, Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir og Ingibjörg Ósk Birgisdóttir. Sitjandi frá vinstri eru Birgir Már Guðmundsson, Dóra Magnúsdóttir og Ólafur Reimar Gunnarsson.

Á árinu 2018 voru 64 orlofshús og -íbúðir í eigu VR. Félagið tók á leigu 19 orlofshús og eitt hótélherbergi á árinu. Útleigur ársins 2018 voru 4.621 samanborið við 4.170 árið 2017. Nýting orlofshúsa yfir vetrarmánuðina hefur verið mjög góð í húsum með heitum pottum auk íbúðanna á Akureyri.

NÝ ORLOFSHÚS

VR gekk frá kaupum á nokkrum nýjum húsum á starfsárinu, í samræmi við ákvörðun stjórnar VR frá því í október árið 2016 um átak í fjölgun orlofshúsa. Í ágúst 2018 voru tvö hús á Hellishólum í Fljótshlíð tekin í notkun og í lok þess árs var gengið frá kaupum á húsi á Siglufirði sem fyrirhugað er að verði tilbúið til útleigu vorið 2019.

Viðamiklar endurbætur á húsum félagsins í Miðhúsaskógi héldu áfram en auk þess var unnið að því að bæta veginn á orlofssvæðinu.

AFSLÁTTARMIÐAR OG KORT

VR býður félagsmönnum sínum afslátt í flug með Icelandair og WOWair. Á árinu 2018 voru seldir 7.939 afsláttarmiðar sem er 7,3% aukning frá árinu áður.

VR selur einnig flugmiða innanlands með Flugfélaginu Erni og afsláttarmiða í pakkaferðir með Úrval Útsýn. Á árinu 2018 var seldur 561 miði með innanlandsfluginu og 87 miðar í pakkaferðir.

Þá selur VR félagsmönnum sínum veiði-, golf- og útilegukort og var alls 871 kort selt á árinu 2018. Þá voru seldir 1.116 miðar í Hvalfjarðargöng.

NÝTING ORLOFSHÚSA 2017 - 2018

Innan sviga er tilgreindur fjöldi húsa / íbúða á hverjum stað. Auk húsa í eigu félagsins tók VR á leigu fjölmörg orlofshús sumarið 2018 og endurleigði til félagsmanna.



FRAMKVÆMDASTJÓRN ORLOFSSJÓÐS VR STARFSÁRIÐ 2018 - 2019

Sigurður Sigfússon sem er formaður, Helga Ingólfssdóttir, Harpa Sævarsdóttir, Sigmundur Halldórsson og Unnur María Pálmadóttir.

Varamenn: Benedikt Vilhjálmsson og Bjarni Þór Sigurðsson.



Á myndinni eru frá vinstri Sigmundur Halldórsson, Harpa Sævarsdóttir, Sigurður Sigfússon og Helga Ingólfssdóttir.

Nýting orlofshúsa

	Fjöldi gistinátta		Nýting sumar		Nýting vetur*	
	2018	2017	2018	2017	2018	2017
Akureyri (12)	3.193	2.674	95%	93%	66%	68%
Einarsstaðir (8)	1.050	925	98%	96%	47%	34%
Flúðir (3)	976	847	95%	96%	50%	50%
Húsafell (6)	1.229	1.016	94%	92%	47%	49%
Miðhúsaskógur (26)	4.512	5.017	91%	78%	50%	43%
Reykjavík (3)	612	707	97%	97%	76%	88%
Vestmannaeyjar	281	291	92%	85%	41%	50%
Ölfusborgir	758	297	97%	100%	69%	75%
Önnur hús (23)	2.282	2.200				
Samtals gistinætur	14.893	13.974				

* Að vetri til er nýting á flestum húsum VR 100% um helgar en minni virka daga.

4.621
Útleigur orlofshúsa
árið 2018.

STARFSMENNTAMÁL

Á árinu 2018 voru greiddar rúmlega 618 milljónir króna í starfsmenntastyrki til félagsmanna VR úr starfsmenntasjóðum sem félagið er aðili að samanborið við tæplega 390 milljónir króna árið áður. Aukning milli ára er um 59% sem rekja má til ákvörðunar stjórnar sjóðanna, Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks og Starfsmenntasjóðs verslunarinnar, að hækka hámarksstyrk í allt að 130 þúsund krónur á ári, eða 390 þúsund krónur í uppsafnaðan styrk eftir þrjú ár, og greiðsluhlutfall í 90% vegna náms, starfstengdra námskeiða og ráðstefna. Þessi ákvörðun tók gildi 1. janúar 2018. Áður var hámarksstyrkur 90 þúsund krónur á ári og uppsafnaður styrkur 270 þúsund krónur að hámarki.

Umsóknir félagsmanna VR um styrk árið 2018 voru alls 9.340 en voru 7.867 árið áður. Alls fékk 7.381 félagsmaður styrk á árinu 2018 en árið 2017 voru þeir 6.650. Frá árinu 2008 hefur fjöldi félagsmanna sem fær styrk rúmlega tvöfaldast. Á árinu 2018 fengu 584 félagsmenn greiddan uppsafnaðan þriggja ára styrk en þeir voru 445 árið 2017.

Starfsmenntanefnd VR

Starfsmenntanefnd VR var stofnuð árið 2013 en meðal verkefna hennar frá þeim tíma hefur verið að móta heilsteipt nám í verslun sem tengist milli skólastiga og byggir á hæfnigreiningu starfa. Á starfsári stjórnar 2018 – 2019 var stefna nefndarinnar til tveggja ára samþykkt. Í henni er lögð áhersla á að styrkja félagsmenn sem eru ekki búnir að ljúka formlegu námi og veita félagsmönnum tækifæri til þess að styrkja stafræna hæfni sína.

Lykiltölur úr ársreikningum Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks og Starfsmenntasjóðs verslunarinnar

Tekjur Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks árið 2018 voru 725 milljónir króna og gjöld 781 milljón króna. Eigið fé sjóðsins var 949 milljónir króna í lok árs 2018.

Tekjur Starfsmenntasjóðs verslunarinnar árið 2018 voru um 45 milljónir króna og gjöld um 39 milljónir króna. Eigið fé sjóðsins var tæplega 177 milljónir króna í lok árs 2018.

618 m. kr.

Á árinu 2018 voru greiddar rúmlega 618 milljónir króna í starfsmenntastyrki til félagsmanna VR úr starfsmenntasjóðum sem félagið er aðili að.

Fræðslustjóri að láni

Alls bættust 22 fyrirtæki í hóp þeirra fyrirtækja sem tekið hafa þátt í verkefninu Fræðslustjóri að láni á árinu 2018 samanborið við 21 fyrirtæki á árinu 2017. Fræðslustjóri að láni er samstarfsverkefni fræðslusjóða innan SA og ASÍ sem byggir á því að lána mannauðsráðgjafa, sérhæfðan í vinnustaðafraeðslu og óformlegri menntun, til fyrirtækja. Ráðgjafinn fer yfir fræðslu- og þjálfunarmál fyrirtækisins og vinnur greiningu á þörfum þess í samvinnu við stjórnendur og starfsfólk.

Menntagátt

Á tímabilinu var unnið þróunarverkefni um nýtt fagnám í verslun á framhaldsskólastigi. Verkefnið var unnið í samvinnu marga aðila og kostað að mestu af Starfsmenntasjóði verslunar- og skrifstofufólks. Niðurstaðan varð 90 eininga fagnám í verslun, hluti er vinnustaðanám sem fer fram á vinnustað undir leiðsögn starfsþjálfara. Áhersla er lögð á að fagnamið verði annars vegar metið til launa og hins vegar til framhaldsskólaeininga sem nýtast til áframhaldandi náms með inngöngurétti í diplómanám í viðskiptafræði og verslunarstjórnun fyrir þá sem það kjósa. Mikilvægur hluti þessarar vinnu er þróun raunfærnimats þannig að einstaklingar með langa reynslu af störfum í verslun fái þá reynslu metna til eininga. Þessi hugmynd var rýnd í rýnihópi trúnaðarmanna, rýnihópi stjórnenda í verslun og viðbrögð við henni fengin í viðhorfsskönnun sem send var út á félagsmenn VR sem starfa í verslun. Gerður var samningur við Verzlunarskóla Íslands, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Mími símenntun og lykilyfirtæki í greininni um að búa fagnamið til og er sú vinna hafin. Samhliða þessu verkefni er einnig unnið að nýrri námslínu hjá Verzlunarskóla Íslands með áherslu á stafræna hæfni. Sú braut verður kennd til stúdentsprófs og verður tekið við fyrstu nemendunum haustið 2019.

Diplómanám í viðskiptafræði og verslunarstjórnun

Diplómanám í viðskiptafræði og verslunarstjórnun er samstarfsverkefni VR, Samtaka verslunar og þjónustu, Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks og háskólanna sem sjá um námið, Háskólans á Bifröst og Háskólans í Reykjavík. Námið er fyrsta fagháskólanám sem þróað er á Íslandi. Diplómanámið hóf göngu sína 2018 og á vorönn 2019 var 21 nemandi skráður í námið.

STARFSGREINARÁÐ

Hlutverk starfsgreinaráða er m.a. að veita mennta- og menningarmálaráðherra ráðgjöf um málefni starfsmenntunar á framhaldsskólastigi og gefa honum umsögn um námsbrautalýsingar sem skólar leita staðfestingar á. ASÍ tilnefnið fulltrúa í öll starfsgreinaráðin og á VR fulltrúa í tveimur þeirra sem báðir gegndu formennsku ráðanna á árinu og sátu því einnig fundi starfsmenntanefndar.

Starfsgreinaráð skrifstofu- og verslunargreina

Starfsgreinaráð skrifstofu- og verslunargreina fjallaði um þá vinnu sem menntamálaráðuneytið hefur átt frumkvæði að og snýr að stefnumótun um starfsmenntun. Þar ber helst að nefna að ráðið



telur þörf á að hæfnigreiningar starfa fari eftir skýru og viðurkenndu vinnulagi. Helstu verkefni á árinu var vinnsla hæfnigreiningar sérhæfðs þjónustufulltrúa og yfirlestur á nýrri námsbraut rekstrarfulltrúa hjá MK. Ráðið vann að verklagi við gerð umsagnar um námsbrautalýsingar og stofnaði fagråd til að sinna því. Einnig var unninn orðalisti fyrir skrifstofu- og verslunargreinar.

Starfsgreinaráð matvæla-, veitinga- og ferðapjónustugreina

Endurskoðaðar og samþykktar voru fimm starfalyýsingar og hæfnikröfur innan starfsgreinaráðs matvæla-, veitinga- og ferðapjónustugreina og áhersla lögð á samspil í stígangna náms milli skóla og vinnustaða í iðngreinunum. Ráðið fékk til umsagnar tíu námskrár á árinu 2018 og voru endurskoðaðar og samþykktar starfalyýsingar og hæfnikröfur í greinunum nýttar til grundvallar þeim umsögnunum frá ráðinu. Einnig var fagorðalisti faggreinanna unninn sem m.a. er aðgengilegur rafrænt á vef hæfnisets ferðapjónustunnar.

STJÓRNIR STARFSMENNTASJÓÐA STARFSÁRIÐ 2018 – 2019

Stjórn Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks

Teitur Lárusson (VR) sem er formaður, Arndís Arnardóttir (SA), Eiður Stefánsson (LÍV), Ingibjörg Ósk Birgisdóttir (VR), Guðbjörg S. Jónsdóttir (SA) sem hætti í apríl, Ólafur Finnbogason (SA) sem hætti í október og Sara Dögg Svanhildardóttir (SA) sem kom ný inn í stjórn í september 2018.


Varamenn:

Gils Einarsson (LÍV), Björg Ársælsdóttir (SA), Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir (VR) og Hannes Sigurðsson (SA).

Stjórn Starfsmenntasjóðs verslunarinnar

Ingibjörg Ósk Birgisdóttir (VR) sem er formaður, Bjarnís Lárusdóttir (FA), Selma Kristjánsdóttir (VR/LÍV) og Anna Kristín Kristjánsdóttir (FA).

Fjöldi félagsmanna VR sem fékk fræðslustyrk



VIRK STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐUR


VIRK starfsendurhæfingarsjóður er sjálfseignarstofnun sem var stofnuð árið 2008 og byggir á samkomulagi í kjarasamningum um nýtt fyrirkomulag í starfsendurhæfingu. Árið 2012 bættust lífeyris-sjóðir í hópinn og 2015 var samið um aðkomu ríkisvaldsins.

Um VIRK gilda lög um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfs-semi starfsendurhæfingarsjóða nr. 60/2012. Í dag starfa 10 starfs-endurhæfingarráðgjafar á vegum VIRK hjá VR og annast þeir þjón-ustu við félagsmenn sem veikjast eða slasast þannig að vinnugeta þeirra skerðist. Markmiðið er að stuðla að því að hver einstaklingur verði svo virkur á vinnumarkaði sem vinnugeta hans leyfir.

HVATNING OG STUÐNINGUR

Ráðgjafar VIRK styðja og hvetja einstaklinga til aukinnar þátttöku á vinnumarkaði í samráði við teymi sérfræðinga og bjóða fjölda úrræða á borð við sjúkraþjálfun, sjálfsstyrkjandi námskeið, heilsu-rækt með faglegum stuðningi og starfsendurhæfingarstöðvar. Þeir starfa í samstarfi við lækna, aðra fagaðila og stofnanir eftir þörfum. Á árinu 2018 voru 394 einstaklingar nýskráðir hjá ráðgjöfum VIRK hjá VR og 244 voru útskrifaðir. Frá árinu 2009 til loka árs 2018 hafa rúmlega 2.500 einstaklingar sótt til ráðgjafa VIRK hjá VR og um 1.400 hafa útskrifast með starfsgetu að hluta eða öllu leyti í vinnu, atvinnuleit eða nám.

Framfærslustaða félagsmanna í lok þjónustu VIRK 2018




394

einstaklingar voru
nýskráðir hjá ráðgjöfum
VIRK hjá VR 2018



Fjöldi VR félaga í þjónustu hjá VIRK



ÁLYKTANIR, YFIRLÝSINGAR OG FUNDIR, NEFNDIR

ÁLYKTUN STJÓRNAR VR UM BROTASTARFSEMI Á VINNUMARKAÐI

Stjórn VR sendi frá sér þann 20. nóvember 2018 ályktun þar sem fordæmd voru brot fyrirtækja og starfsmannaleiga á réttindum launafólks, einkum erlendra starfsmanna. Í ályktuninni segir að stjórnin geri þá kröfu til stjórnvalda að tryggð verði með lögum samvinna eftirlitsstofnana og lögreglu við vinnustaðaeftirlit stéttarfélaganna og leggur stjórnin áherslu á að vinna þurfi heildstætt að vinnustaðaeftirliti á landsvísi í góðri samvinnu og samstarfi við Alþýðusamband Íslands og stéttarfélögin í landinu.

YFIRLÝSING STJÓRNAR VR UM VANTRAUST Á FORSETA ASÍ Í KJARAVIÐRÆÐUM

Stjórn VR samþykkti þann 24. maí 2018 að lýsa því yfir að þáverandi forseti Alþýðusambands Íslands (ASÍ), Gylfi Arnbjörnsson, nyti ekki trausts stjórnarinnar til að leiða kjarasamningaviðræður við stjórnvöld eða Samtök atvinnulífsins fyrir hönd VR og myndi í slíkum viðræðum ekki tala í umboði stjórnar félagsins. Stjórnin taldi að þrátt fyrir skýra kröfu grasrótarið innan aðildarféлага ASÍ um breyttar áherslur og róttækari verkalýðsbaráttu hafi þáverandi forseti sambandsins kosið að sniðganga þær kröfur og þær breytingar sem orðið hafi í forystu verkalýðshreyfingarinnar og notað til þess rödd Alþýðusambandsins.

STJÓRN VR GERIR ATHUGASEMDIR VIÐ FJÁRMÁLAÁÆTLUN RÍKISSTJÓRNARINNAR

Þann 6. apríl 2018 sendi stjórn VR frá sér ályktun þar sem lýst var miklum vonbrigðum með fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar. Þar segir m.a. að í áætluninni sé ekki tekið á þeim alvarlega hnúti sem kominn sé upp í kjaraviðræðum vegna ákvörðunar kjararáðs [um hækkan launa æðstu embættismanna] né neyðarástandi í húsnæðismálum. Stjórn VR hafni alfarið að með fjármálaáætluninni leggi stjórnvöld áherslu á „gott samstarf við aðila vinnumarkaðarins til að varðveita stöðugleika og efla velferð“.

YFIRLÝSING FORMANNS VR VEGNA VINNUBRAGÐA SJÓMANNAFÉLAGS ÍSLANDS

Í byrjun nóvember 2018 sendu formenn VR, Eflingar, Verkalýðsfélags Akraness og Framsýnar stéttarfélags frá sér yfirlýsingu þar sem þeir fordæmdu vinnubrögð trúnaðarmannaráðs Sjómannafélags Íslands og brottrekstur Heiðveigar Maríu Einarasdóttur úr

félaginu. Skorað var á forystu félagsins að afturkalla þá ákvörðun. Í febrúar 2019 úrskurðaði félagsdómur að brottrekstur Heiðveigar úr félaginu hafi verið óheimill.

YFIRLÝSING FORMANNS VR UM STUÐNING VIÐ KJARABARÁTTU LJÓSMÆÐRA

Formenn VR og Eflingar lýstu í byrjun júlí 2018 yfir stuðningi við ljósmæður sem þá stóðu í harðri kjarabaráttu.

YFIRLÝSING FORMANNS VR VEGNA VALS Á FORMANNI HÆFNISNEFNDAR

Formenn VR, Framsýnar á Húsavík og Verkalýðsfélags Akraness sendu frá sér yfirlýsingu þann 29. maí 2018 þar sem þeir gagnrýndu val forsætisráðherra á Friðriki Má Baldurssyni sem formanni hæfnisnefndar til mats á hæfni umsækjenda um embætti aðstoðar-seðlabankastjóra og sögðu hann ekki hæfan til starfans.

YFIRLÝSING FORMANNS VR VEGNA AFSTÖÐU STJÓRNAR VR TIL FORSETA ASÍ

Formaður VR sendi frá sér yfirlýsingu þann 25. maí 2018 þar sem hann áréttaði að samþykkt stjórnar VR um vantraust á forseta Alþýðusambands Íslands, frá 24. maí sama ár, stæði óhögguguð. Í yfirlýsingunni kemur fram að mikill meirihluti stjórnar hafi staðið á bak við samþykktina og því vísað á bug að ólga væri innan stjórnarinnar vegna málsins. Yfirlýsing formanns VR kom í kjölfar yfirlýsingar þáverandi forseta ASÍ, Gylfa Arnbjörnssonar, og viðtals við 2. varaforseta ASÍ, Ingibjörgu Ósk Birgisdóttur sem sæti á í stjórn VR, þar sem samþykkt stjórnar VR var gagnrýnd.

VR SKORAR Á ATVINNUREKENDUR VEGNA FRÍDAGS VERSLUNARMANNA

Þann 1. ágúst 2018 skoraði VR á atvinnurekendur að gefa launafólki frí á frídegi verslunarmanna, sem þá bar upp á 6. ágúst, og láta daginn þannig standa undir nafni.

VR MÓTMÆLIR AFSKIPTUM HVALS HF. AF STÉTTARFÉLAGSAÐILD

Í júní 2018 tók VR undir gagnrýni Verkalýðsfélags Akraness (VLFA) á eiganda Hvals hf. sem að sögn VLFA krafðist þess að starfsmenn ættu ekki aðild að Verkalýðsfélagi Akraness. Í yfirlýsingu á vef VR krafðist félagið þess að Hvalur hætti afskiptum af stéttarfélagsaðild starfsmanna sinna.

LÍV MÓTMÆLIR SJÁLFTÖKU LAUNA STJÓRNENDA Í ÍSLENSKUM FYRIRTÆKJUM

Stjórn Landssambands íslenzkra verzlunarmanna (LÍV), sem í eiga sæti fjórir fulltrúar VR, gagnrýndi í mars 2018 sjálftöku launa sem hafi átt sér stað meðal stjórnenda í íslenskum fyrirtækjum allt frá því að kjararáð hækkaði laun þingmanna og forstöðumanna stofnana. Í ályktun LÍV er skorað á stjórnvöld og stjórnir lífeyrissjóða að „vinda ofan af þessari þróun aukinnar misskiptingar“.

Þann 1. ágúst 2018 skoraði VR á atvinnurekendur að gefa launafólki frí á frídegi verslunarmanna.

ÁLYKTANIR, YFIRLÝSINGAR OG FUNDIR, NEFNDIR

FUNDIR STARFSÁRIÐ 2018 – 2019

Stjórn VR fundaði alls 17 sinnum á starfsárinu.

Trúnaðarráð VR fundaði níu sinnum á starfsárinu og kom staða kjarasamningaviðræðna til umræðu á nánast öllum fundum.

Félagsfundur var haldinn þann 5. mars 2019 á Hilton Reykjavík Nordica hóteli, sama dag og atkvæðagreiðsla um boðun verkfalls-aðgerða hófst, sjá nánar á bls. 9.

Ársfundur deildar VR á Austurlandi fyrir árið 2018 var haldinn 30. maí það ár. Kristín María Björnsdóttir er formaður deildarinnar, kosin til tveggja ára árið 2017. Aðrir í stjórn eru Eygló Friðriksdóttir og Gunnar Heiðberg Gestsson sem voru kosin aðalmenn til tveggja ára árið 2017. Varamenn eru Ellen Rós Baldvinsdóttir, Ingunn Kjartansdóttir og Jón Guðmundur Björgvinsson, einnig kosin árið 2017.

Ársfundur deildar VR á Suðurlandi fyrir árið 2018 var haldinn 29. maí það ár. Gils Einarsson er formaður deildarinnar, kosinn til tveggja ára á stofnfundi hennar árið 2017. Aðrir í stjórn eru Ásta Björk Ólafsdóttir, kosin til tveggja ára árið 2017, og Arndís Anna Sveinsdóttir, kosin til tveggja ára árið 2018. Varamenn eru Jónas Yngvi Ásgrímsson, sem var kosinn til tveggja ára árið 2017, og Sigríður Erlingsdóttir og Haraldur Pálsson sem kosin voru til eins árs árið 2018.

Ársfundur deildar VR í Vestmannaeyjum fyrir árið 2018 var haldinn 15. maí það ár. Þórhildur Ragna Karlsdóttir er formaður deildarinnar, kosin á aðalfundi 2018 til eins árs. Aðalmenn eru Sigurjón Lárusson og Katrín Sólveig Sigmarsdóttir, kosin til tveggja ára árið 2018. Varamenn eru Guðný Hrefna Einarsdóttir, kosin til tveggja ára árið 2017, og Guðni Friðrik Gunnarsson, kosinn til tveggja ára árið 2018.

43. þing Alþýðusamband Íslands var haldið á Hilton Reykjavík Nordica hótelinu dagana 24. – 26. október 2018. Þingið sátu 87 fulltrúar frá VR. Yfirskrift fundarins var *Sterkari saman* og voru helstu umfjöllunarefni húsnæðismálin, tekjuskipting og jöfnuður og jafnvægi atvinnupátttöku og einkalífs. Nýr forseti var kosinn á þinginu, Drífa Snædal sem jafnframt er fyrsta konan til að gegna starfi forseta ASÍ.

Opinn fundur með frambjóðendum í Reykjavík í aðdraganda sveitastjórnarkosninga í maí 2018 var haldinn á Grand hóteli þann 24. maí 2018 en að fundinum stóðu VR, SFR stéttarfélag, Efling og Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar. Áherslumál fundarins voru launa- og húsnæðismál.

NEFNDIR OG STJÓRNIR

Í uppstillinganefnd 2018 – 2020 sitja Ragnar Þór Ingólfsson sem jafnframt er formaður nefndarinnar, Helga Bryndís Jónsdóttir, Magnús Þorsteinsson, Sigrún Guðmundsdóttir og Stefán Viðar

Egilsson. Varamenn eru Ágústa Harðardóttir, Ingi Guðmundur Ingason, Linda Rós Reynisdóttir og Þórður Mar Sigurðsson. Hlutverk uppstillinganefndar er að velja frambjóðendur á framboðslista til trúnaðarráðs úr hópi þeirra sem gefa kost á sér í samræmi við auglýsingu nefndarinnar. Auglýst var 10. janúar 2019 og var framboðsfrestur til 18. janúar. Uppstillinganefnd VR samþykkti svo lista stjórnar og trúnaðarráðs á fundi sínum þann 18. janúar 2019 og var hann lagður fyrir fund trúnaðarráðs 21. janúar þar sem hann var samþykktur. Á listanum var 41 fulltrúi en helmingur trúnaðarráðs er í kjöri hvert ár.

Í launanefnd sitja Birgir Már Guðmundsson, Bjarni Þór Sigurðsson og Dóra Magnúsdóttir. Hlutverk nefndarinnar er að fjalla um kjör formanns og framkvæmdastjóra félagsins.

Í húsnæðisnefnd sitja Bjarni Þór Sigurðsson sem er formaður nefndarinnar, Arnþór Sigurðsson, Elizabeth Ann Courtney, Helga Ingólfssdóttir og Ólafur Reimar Gunnarsson. Varamenn eru Guðrún Björg Gunnarsdóttir og Jóhann Már Sigurbjörnsson. Húsnæðisnefnd ber að móta skýra og heildræna stefnu í húsnæðismálum með það að markmiði að bæta kjör félagsmanna.

Í laganefnd sitja Arnþór Sigurðsson, Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir, Harpa Sævarsdóttir, Sigurður Sigfússon og Sigmundur Halldórsson. Hlutverk laganefndar er að yfirfara og koma með tillögum til breytinga á lögum VR. Auk þess skal nefndin stilla upp tillögum sem verða mega til þess að bæta og skýra betur starfsemi félagsins.

Í starfsmenntanefnd sitja Birgir Már Guðmundsson sem er formaður nefndarinnar, Friðrik Boði Ólafsson, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson og Unnur María Pálmadóttir. Varamaður er Agnes Erna Estherardóttir. Hlutverk starfsmenntanefndar VR er að móta skýra stefnu og verkferla félagsins í starfsmenntamálum með það að markmiði að efla framgang starfsmenntunar félagsmanna.

Í jafnréttisnefnd sitja Bjarni Þór Sigurðsson, Elizabeth Ann Courtney og Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir. Varamenn eru Friðrik Boði Ólafsson og Sigríður Lovísa Jónsdóttir. Hlutverk nefndarinnar er að móta og/eða endurskoða stefnu félagsins á sviði jafnréttis og mannréttinda á vinnumarkaði til að styrkja stöðu félagsmanna, án allrar aðgreiningar.

Í kjaramálanefnd sitja Sigríður Lovísa Jónsdóttir sem er formaður nefndarinnar, Agnes Erna Estherardóttir, Arnþór Sigurðsson, Dóra Magnúsdóttir, Friðrik Boði Ólafsson, Guðrún Björg Gunnarsdóttir, Harpa Sævarsdóttir, Helga Ingólfssdóttir og Unnur María Pálmadóttir. Varamenn eru Bjarni Þór Sigurðsson og Ingibjörg Ósk Birgisdóttir. Hlutverk nefndarinnar er að móta kröfugerð félagsins í kjarasamningaviðræðum.

Í styrkjanefnd sitja Harpa Sævarsdóttir sem er formaður nefndarinnar, Arnþór Sigurðsson, Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson og Sigurður Sigfússon.

ÁLYKTANIR, YFIRLÝSINGAR OG FUNDIR, NEFNDIR

Stofnun nefndarinnar var samþykkt á fundi stjórnar VR í september 2018. Nefndin tekur ákvarðanir um veitingu styrkja í samræmi við stefnu félagsins þar að lútandi. Styrkveitingar eru heimilar til félagasamtaka, skráðum hjá fyrirtækjaskrá RSK, sem vinna verkefni á sviði líknar-, menningar- og fræðslumála. Markmið með styrkveitingum VR er að styðja við þá starfsemi sem eflir félagsmenn, bætir stöðu þeirra og er lyftistöng menngarmála í landinu.

Í framkvæmdstjórn Vinnudeilusjóðs sitja Bjarni Þór Sigurðsson, Harpa Sævarsdóttir og Sigríður Lovísa Jónsdóttir. Varamaður er Elizabeth Ann Courtney. Hlutverk sjóðsins er að veita félagsmönnum VR, sem missa atvinnutekjur vegna vinnustöðvunar eða verkbanna, fjárhagsaðstoð.

Í öldungaráði sitja Benedikt Vilhjálmsson, Elín Elíasdóttir, Petrína Ragna Pétursdóttir, Rannveig Sigurðardóttir, Valur M. Valtýsson og Þorlákur Jóhannsson. Öldungaráð er umræðu- og samráðsvettvangur félagsmanna VR 60 ára og eldri.

Í fulltrúaráði VR fyrir Lífeyrissjóð verzlunarmanna sitja allir fimmtán aðalmenn í stjórn félagsins auk tíu annarra en auglýst var eftir áhugasömum félagsmönnum til að skipa þau sæti í ráðinu. Þann 10. desember 2018 var kosið í ráðið á fundi trúnaðarráðs VR, á grundvelli samkomulags milli VR og Samtaka atvinnulífsins og Félags atvinnurekenda um breytingar á stjórnkerfi sjóðsins, sjá nánar á bls. 20. Fulltrúaráðsmenn VR eru: Anna Þórðardóttir Bachmann, Arnþór Sigurðsson, Birgir Már Guðmundsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Björgvin Ingason, Dóra Magnúsdóttir, Elizabeth Ann Courtney, Friðrik Boði Ólafsson, Guðrún Björg Gunnarsdóttir, Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir, Harpa Sævarsdóttir, Helga Bryndís Jónsdóttir, Helga Ingólfssdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Jóhann Bjarni Knútsson, Jónas Yngvi Ásgrímsson, Magnús Þorsteinsson, Ólafur Reimar Gunnarsson, Pálína Vagnsdóttir, Ragnar Þór Ingólfsson, Selma Björk Grétarsdóttir, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Sigrún Guðmundsdóttir, Steinar Viktorsson og Unnur María Pálmadóttir. Hlutverk fulltrúaráðsins er m.a. að staðfesta tilnefningar til stjórnar lífeyrissjóðsins og hafa eftirlit og aðhald með störfum stjórnarinnar.


Á fundi stjórnar VR þann 12. desember 2018 var samþykkt skipan **uppstillinganefndar** vegna stjórnarkjörs hjá Lífeyrissjóði verzlunarmanna en í nefndinni sitja sem aðalmenn Ragnar Þór Ingólfsson, Arnþór Sigurðsson, Friðrik Boði Ólafsson, Harpa Sævarsdóttir og Helga Ingólfssdóttir. Varamenn eru Jónas Yngvi Ásgrímsson og Selma Björk Grétarsdóttir. Hlutverk nefndarinnar er að auglýsa eftir hæfum einstaklingum til stjórnarstarfa í lífeyrissjóðnum og velja þá sem hæfastir eru til staðfestingar hjá fulltrúum félagsins í fulltrúaráðinu.

Í kjörstjórn VR sitja Magnús Norðdahl frá ASÍ sem er formaður kjörstjórnar, Þorsteinn Þórólfsson og Þóra Skúladóttir Öfjörð. Varamenn eru Jón Hrafn Guðjónsson og Pálína Vagnsdóttir. Hlutverk kjörstjórnar er að sjá um framkvæmd kosninga í félaginu samkvæmt reglugerð ASÍ.

ERLEND SAMSKIPTI

Höfuðborgarráðstefnan 2018 var haldin í Helsinki í Finnlandi dagana 12. – 15. júní og sóttu hana þrír fulltrúar VR. Helsta umfjöllunarefni ráðstefnunnar var hvernig verkalýðshreyfingin geti tekist á við þá rafrænu og tæknilegu þróun sem nú eigi sér stað. Höfuðborgarráðstefnan er árlegur samstarfsvettvangur stéttarféлага í verslun og þjónustu í höfuðborgum Norðurlandanna.

Þá sóttu tveir fulltrúar VR ráðstefnu í ágúst 2018 á vegum Norðisk Handel, samtaka verslunarmannafélaga á Norðurlöndum, um stafræna þróun og verndun persónuupplýsinga.



LAGABREYTINGAR

Á aðalfundi þann 19. mars 2018 lagði stjórn VR fram tillögur til breytinga á lögum félagsins sem miðuðu að því að lengja kjörtímabil formanns og stjórnarmanna. Í atkvæðagreiðslu náði fyrsta tillagan ekki tilskyldum auknum fjölda atkvæða og í kjölfarið dró laganeftir félagsins þær til baka.

Tvær tillögur að breytingum á lögum VR sem snúa að öðrum þáttum kosninga til trúnaðarstarfa voru hins vegar samþykktar á fundinum. Önnur fjallaði um að halda kynjafléttu við röðun varamanna í kjölfar kosninga til stjórnar og varastjórnar. Þá var samþykkt tillaga um að halda skuli kynningarfundum meðal félagsmanna í aðdraganda kosninga til formanns, stjórnar og varastjórnar, krefjast einn eða fleiri frambjóðendur þess.

LEIGUFÉLAGI VR VEITT VILYRÐI FYRIR BYGGINGALÓÐ

Í nóvember 2018 samþykkti borgarráð Reykjavíkur að veita VR vilyrði fyrir úthlutun lóðar og sölu byggingaréttar í Úlfarsárdal. Fyrir á árinu samþykkti stjórn VR stofnun leigufélags fyrir félagsmenn VR með það markmið að tryggja hagkvæmt leiguhúsnæði og húsnæðisöryggi. Félagið á ekki að reka í hagnaðarskyni.

MÁLI VR VEGNA

ÁKVÖRÐUNAR KJARARÁÐS VÍSAÐ FRÁ

Þann 29. júní 2018 vísaði Héraðsdómur Reykjavíkur frá máli sem VR og Jón Þór Ólafsson alpingismaður höfðuðu vegna ákvörðunar kjararáðs í október 2016 um hækkun á þingfararkaupi alpingismanna og launum ráðherra. Í stefnunni var þess krafist að ákvörðun kjararáðs yrði ógilt með dómi. Í úrskurði dómsins er því hins vegar haldið fram að stefnendur málsins hafi ekki lögvarða hagsmuni af úrlausn málsins. VR lýsti yfir vonbrigðum með úrskurðinn og telur hann vekja upp spurningar um hver hafi ákvörðunarvald gagnvart kjararáði. Ákveðið var að vísa úrskurðinum til Landsréttar sem undir lok september 2018 staðfesti frávisun.

NÝTT SAMKOMULAG

UM STJÓRNKERFI LÍFEYRISSJÓÐA

Í apríl 2018 voru undirritaðir samningar sem gera ráð fyrir opnara vali fulltrúa í stjórnir lífeyrissjóða á hinum almenna vinnumarkaði sem og breytingum á fyrirkomulagi kosninga. Annars vegar var um að ræða samning milli VR og Samtaka atvinnulífsins (SA) og Félags atvinnurekenda (FA) og hins vegar milli Alþýðusambands Íslands og SA.

Meðal annars er nú gert ráð fyrir skipan fulltrúaráðs hvers lífeyrissjóðs þar sem eiga sæti til jafns fulltrúar stéttarféлага og atvinnurekenda. Fulltrúaráð skal m.a. staðfesta tilnefningar til stjórnar sjóðanna. Kosið var í fulltrúaráð VR fyrir Lífeyrissjóð verzlunarmanna þann 10. desember 2018 en alls sitja 25 fulltrúar félagsins í ráðinu. Þá gerir samkomulagið ráð fyrir því við val í stjórn að báðir aðilar starfræki uppstillinganefndir sem auglýsi eftir hæfum einstaklingum til stjórnarstarfa og velji þá sem taldir eru hæfastir til staðfest-

ingar hjá sínum fulltrúum í fulltrúaráðum lífeyrissjóða. Sjá nánar á bls. 19. Þá er gert ráð fyrir því að ársfundir lífeyrissjóða, þar sem allir sjóðfélagar hafa rétt til setu, hafi nú æðsta vald í málefnum sjóðanna. Samkomulagið gerir ráð fyrir stofnun sérstaks samráðshóps samningsaðila til að ræða stöðu og þróun lífeyriskerfisins a.m.k. tvisvar á ári. Samningur VR og atvinnurekenda var samþykktur í stjórn félagsins á fundi hennar þann 9. maí 2018.

VR VARASJÓÐUR

Á aðalfundi þann 19. mars 2018 var samþykkt tillaga um framlag í VR varasjóð, samtals 751 milljón króna fyrir árið 2017 auk viðbótarframlags að upphæð rúmlega 14 milljónir króna vegna ársins 2016. Heildargreiðslur úr sjóðnum árið 2018 námu alls kr. 658.253.722 og fengu 16.449 einstaklingar greitt úr sjóðnum. Langstærstur hluti fór til forvarna eða rúmlega 295 milljónir króna eða sem nemur um 45% af heildargreiðslum úr sjóðnum á árinu. Árið 2017 námu greiðslur úr sjóðnum tæplega 613 milljónum króna til 15.849 einstaklinga.

VR varasjóður ert myndaður með fjármunum úr Sjúkrasjóði VR og Orlofssjóði. Vegna versnandi afkomu Sjúkrasjóðs VR síðustu ár verður framlag sjóðsins til varasjóðs lækkað en sótt verður framlag í félagssjóð á móti.

STARFSEMI ÞJÓNUSTUDEILDAR 2018

Fulltrúar þjónustudeildar VR svara fyrirpurnum um alla helstu þjónustu félagsins, svo sem varasjóð, starfsmenntasjóðina, Sjúkrasjóð, orlofshús og kjaramál. Heildarfjöldi afgreiðslna í þjónustuveri VR í Reykjavík á árinu 2018 var 18.230 sem er tæplega 5% aukning frá fyrra ári. Heildarfjöldi símtala til félagsins á árinu var 52.286 sem er rúmlega 3% fækkun frá fyrra ári. Þá barst 11.841 fyrirspurn á netfangið vr@vr.is á árinu 2018 sem er um 2% aukning frá fyrra ári en þá voru þær 11.598 talsins. Þjónustuver VR er starfrækt á skrifstofum félagsins í Reykjavík, Vestmannaeyjum, á Akranesi, Egilsstöðum og Selfossi.

RANNSÓKNIR OG KANNANIR

Fyrirtæki ársins 2018

Fyrirtæki ársins 2018, samkvæmt niðurstöðum árlegrar könnunar VR, voru alls fimmtán. Sigurvegararnir í hópi stórra fyrirtækja voru dk hugbúnaður, Johan Rönnung, Nordic Visitor, Pipar/TBWA og Sjóvá. Í hópi millistórra fyrirtækja voru Áltak, Cyren, Expectus, Fulltingi og Margt smátt sigurvegarar og í hópi lítilla fyrirtækja voru það Attentus – mannauður og ráðgjöf, Beiersdorf, Eirvík, Microsoft Ísland og Rafport. Tíu fyrirtæki að auki í hverjum stærðarflokki fengu titilinn Fyrirmyndarfyrirtæki 2018. Könnunin var gerð í upphafi árs 2018 og voru niðurstöður birtar í maí. Í endanlegu úrtaki voru tæplega 34 þúsund einstaklingar og var svörum um 37%.

Launakönnun 2018

Heildarlaun félagsmanna í VR hækkuðu um 6,1% frá janúar 2017 til janúar 2018, samkvæmt niðurstöðum launakönnunar félagsins

sem birtar voru í byrjun maí. Grunnlaun hækkðu um 5,9%. Kjarasamningsbundnar hækkanir á tímabilinu voru 4,5%. Launamunur kynjanna breyttist ekki marktækt á milli ára, kynbundinn munur mældist 10% en munur á heildarlaunum 13,4%. Í fyrsta sinn frá upphafi launakönnunar var vinnuvikan undir 43 stundum en meðalvinnuvika félagsmanna í janúar 2018 var 42,9 stundir.

Launasamanburður á Mínum síðum

Á Mínum síðum á vef VR geta félagsmenn nú skoðað samanburð grunn- og heildarlauna sinna við aðra í svipuðu starf. Samanburðurinn byggir á greiddum félagsgjöldum og skráningum félagsmanna um vinnutíma sinn og starfsheiti og miðar við fullt starf. Þessi samanburður kemur í stað launakönnunar sem VR hefur gert árlega meðal félagsmanna sinna en launakönnun verður héðan í frá gerð á þriggja ára fresti. Haustið 2018 var farið í átak til að safna skráningum félagsmanna á Mínum síðum. Í byrjun mars 2019 höfðu ríflega 12 þúsund félagsmenn skráð upplýsingar um vinnutíma sinn og starfsheiti frá því átakið hófst.

ÚTGÁFU- OG KYNNINGARMÁL

VR blaðið kom út fjórum sinnum á starfsárinu, þar af voru tvö tölublöð í aldreifingu á landinu öllu, annars vegar með Fréttablaðinu og hins vegar með Morgunblaðinu. Upplag í aldreifingu var um 95 þúsund að meðaltali en annars var upplag rúmlega 27 þúsund.

Notendur vefsíðu félagsins voru að meðaltali um 28 þúsund á mánuði á starfsárinu, m.v. talningu Google analytics vefmæl-ingarkerfisins, sem er ríflega þriðjungs fjölgun frá árinu áður. Alls skráðu um sjö þúsund félagsmenn sig inn á Mínar síður að meðaltali á sama tímabili.

VR hleypti af stokkunum tveimur stórum auglýsingaherferðum á nýliðnu starfsári stjórna. Sú fyrri, „**Þekktu þín mörk**“ fór af stað um mitt ár 2018 og var markmið hennar að koma af stað um-ræðu um áhrif álags í starfi, kulnun og vaxandi streitu. Herferðin vakti mikla athygli og er athyglisvert að orð ársins 2018, að mati hlustenda Rásar 2, var orðið „kulnun“. Um miðjan desember sendi VR fyrirtækjum og starfsmönnum þeirra streitukort til að minna

starfsfólk á að huga að andlegri heilsu sinni yfir hátíðarnar og var það hluti átakins.

Seinni herferðin, „**Georgskjör**“ sem var frumsýnd í lok árs 2018, vakti ekki síður athygli en hún var innlegg í kjaraviðræður sem voru að hefjast um það leyti. Í henni kom Georg Bjarnfreðarson úr Vaktaseríunum, í túlkun Jóns Gnarrs, aftur fram á sjónarsviðið eftir langt hlé. Athyglinni var beint að réttindum launafólks á vinnumarkaði og ítrekað mikilvægi þess að allir haldi þau í heiðri. Ein auglýsing herferðarinnar var jafnframt jólaauglýsing félagsins en VR hefur undanfarin ár birt leikna auglýsingu þar sem minnt er á réttindi launafólks yfir hátíðarnar.

VR var getið í fréttum á árinu 2018 alls 1.851 sinni eða rúmlega þrisvar sinnum oft en árið 2017. Oftast var fjallað um félagið á netmiðlum. Sú frétt sem mesta athygli vakti var ákvörðun félagsins í maí 2018 að hætta viðskiptum við Hörpu tónlistar- og ráðstefnu-hús í kjölfar þess að launalægstu starfsmönnum fyrirtækisins var gert að taka á sig launalækkun á meðan forstjórinn fékk launa-hækkun. Fjöldi starfsmanna Hörpu sagði upp störfum í kjölfarið.

FYRIRLESTRAR, NÁMSKEIÐ OG FRÆÐSLA

VR bauð upp á 8 **hádegisfyrirlestra** á starfsárinu sem rúmlega tvö hundruð félagsmenn sóttu. Þá voru haldin 10 almenn námskeið og sóttu þau alls 184 félagsmenn. Einnig var boðið upp á aðstoð við skil skattframtalsins í mars 2019 sem 22 félagsmenn nýttu sér.

Haldin voru 9 **námskeið** sérstaklega fyrir trúnaðarmenn og sóttu þau 179 trúnaðarmenn. Auk þess var haldinn vinnufundur fyrir trúnaðarráð og trúnaðarmenn í september 2018 undir heitinu **Komdu á trúnó** þar sem áhersla var lögð á undirbúning kröfugerðar félagsins fyrir kjarasamningaviðræðurnar. Sjá nánar í umfjöllun um endurnýjun kjarasamninga.

VR-Skóli lífsins

Í byrjun mars 2019 höfðu alls 4.805 einstaklingar lokið við VR-Skóla lífsins frá því að honum var komið á fót í september 2014 samanborið við 4.084 á sama tíma í fyrra (ekki 4.708 eins og mis-sagt var í ársskýrslu árið 2018). Markmið VR-Skóla lífsins er að undirbúa ungt fólk á aldrinum 16 til 24 ára fyrir þátttöku á vinnumarkaði og kynna því réttindi og skyldur í starfi. Menntastofnanir hafa tekið VR-Skóla lífsins opnum höndum og hafa 17 framhalds-skólar kennt námskeiðið.

Fræðsla fyrir nemendur

VR hefur síðastliðna tvo áratugi staðið fyrir kynningu á réttindum og skyldum á vinnumarkaði í efsta bekk grunnskóla og í flestum framhaldsskólum á félagssvæði sínu. Alls voru haldnar 55 kynningar fyrir tæplega 3.500 nemendur á starfsárinu 2018 – 2019. Á skólaárinu 2018 – 2019 halda fulltrúar VR kynningar í yfir 90% grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu og öllum grunnskólum á félagssvæði VR á Austurlandi og Suðurlandi.



ALLSHERJARATKVÆÐAGREIÐSLA UM KJÖR VEGNA FRAMBOÐA TIL TRÚNAÐARSTARFA

Þann 1. febrúar 2019 auglýsti kjörstjórn VR eftir áhugasömum til að starfa fyrir félagið kjörtímabilið 2019 – 2021. Auglýst var eftir einstaklingsframboðum til formanns, sjö sæta í stjórn og þriggja til vara og listaframboðum til trúnaðarráðs. Framboðsfrestur var til hádegis 12. febrúar.

Til formanns barst eitt framboð, frá núverandi formanni, Ragnar Þór Ingólfssyni. Kjörstjórn úrskurðaði framboðið löglega fram borið og var Ragnar Þór sjálfkjörinn til tveggja ára, kjörtímabilið 2019 – 2021.

Alls bárust 16 einstaklingframboð til stjórnar og úrskurðaði kjörstjórn 14 þeirra löglega fram borin. Einn framboðslisti barst til trúnaðarráðs, listi stjórnar félagsins og trúnaðarráðs, og var hann réttkjörinn til setu í trúnaðarráði kjörtímabilið 2019 – 2021. Listi yfir kjörna fulltrúa í trúnaðarráði er birtur á vef félagsins, www.vr.is.

Atkvæðagreiðsla meðal kosningabærra félagsmanna hófst kl. 9:00 að morgni 11. mars 2019 og lauk kl. 12:00 á hádegis 15. mars. Atkvæði greiddu 2.806 en á kjörskrá voru 35.614. Kosningapátt-taka var því 7,9%.

Kosið var til sjö sæta í stjórn og féllu atkvæði þannig að Svanhildur Ólöf Þorsteinsdóttir fékk 1.106 atkvæði, Selma Árnadóttir fékk 1.098 atkvæði, Ólafur Reimar Gunnarsson fékk 944 atkvæði, Sigurður Sigfússon fékk 893 atkvæði, Harpa Sævarsdóttir fékk 786 atkvæði, Helga Ingólfssdóttir fékk 782 atkvæði, Anna Þóra Ísfold fékk 745 atkvæði, Björn Kristjánsson fékk 738 atkvæði, Þorvarður Bergmann Kjartansson fékk 729 atkvæði, Agnes Erna Estherardóttir fékk 698 atkvæði, Jóna Fanney Friðriksdóttir fékk 686 atkvæði, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir fékk 625 atkvæði og Sigmundur Halldórsson fékk 605 atkvæði. Alls tóku 290 ekki afstöðu í kosningunum.

Til stjórnar hlutu eftirtaldir kosningu til tveggja ára skv. fléttulista eins og kveðið er á um í 20. gr. laga VR:

Svanhildur Ólöf Þorsteinsdóttir
Ólafur Reimar Gunnarsson
Selma Árnadóttir
Sigurður Sigfússon
Harpa Sævarsdóttir
Björn Kristjánsson
Helga Ingólfssdóttir

Þrír varamenn í stjórn VR – til eins árs

Þorvarður Bergmann Kjartansson
Anna Þóra Ísfold
Sigmundur Halldórsson



FÉLAGSMÁL

Formaður VR tekur við formennsku í LÍV

Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, tók við formennsku í Landssambandi ísl. verzlunarmanna í mars 2019 í kjölfar afsagnar Guðbrands Einarssonar. Ragnar Þór var kosinn á fundi stjórnar LÍV þann 20. mars.

Endurskoðun stefnu VR

Á árinu 2018 samþykkti stjórn tillögur um endurskoðun á stefnu félagsins sem mótuð var á árunum 2009 – 2010, einkum hvað snertir hlutverk, framtíðarsýn og gildi VR. Endurskoðunin var unnin á greiningarfundum með trúnaðarráðs- og trúnaðarmönnum, starfsmönnum VR og stjórnendum sviða félagsins, fulltrúum deilda og félagmönnum. Markmiðið var að laga starfsemi VR að breyttum aðstæðum í þjóðfélaginu. Settir voru á laggirnar sjö vinnuhópar og var niðurstaða vinnunnar lögð fyrir fund stjórnar í febrúar 2018 þar sem hún var samþykkt samhljóða.

Hlutverk VR er að bæta kjör félagsmanna, standa vörð um áunnin réttindi, sækja fram fyrir hönd þeirra á sviðum kjara- og réttindamála og veita þjónustu á tengdum sviðum.

Gildi VR eru framsækni, fagmennska, forysta.

Framtíðarsýn VR

- VR er traust, framsýnt og fjárhagslega sterkt stéttarfélag verslunar-, þjónustu- og skrifstofufólks á Íslandi.
- VR vinnur markvisst að kjara-, réttinda- og atvinnumálum félagsmanna sinna og leggur sérstaka áherslu á baráttuna fyrir jöfnum rétti þeirra.
- VR rekur öfluga sjóði til að geta staðið með myndarlegum hætti við bakið á félagsmönnum.
- VR einkennist af lýðræði, heiðarleika og gagnsæi, þar sem gætt er jafnræðis meðal félagsmanna.
- VR sinnir samfélagslegri ábyrgð.

Félagsgjald

Á aðalfundi VR þann 19. mars 2018 var samþykkt tillaga stjórnar um óbreytt félagsgjald, 0,7% af heildarlaunum. Lágmarksgjald til að njóta fullra félagsréttinda skuli þó eigi vera lægra en sem svarar 30% af byrjunarlaunum 18 ára afgreiðslufólks frá og með sama tíma.

Þá var einnig samþykkt að 0,65% renni í félagssjóð en 0,05% í Vinnudeilusjóð.

Sameiningarviðræður VR og Verslunarmannafélags Suðurnesja

Á aðalfundi Verslunarmannafélags Suðurnesja (VS) þann 26. apríl 2018 var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum að ganga til viðræðna við VR um sameiningu félaganna. Samningur um samruna félaganna var undirritaður þann 19. febrúar 2019, með fyrirvara um félagslega afgreiðslu samkvæmt lögum beggja félaga. Félagsmenn í VS samþykktu sameiningu í atkvæðagreiðslu dagana 6. til 13. mars 2019 með 83% greiddra atkvæða. Verði sameiningin samþykkt á aðalfundi VR 27. mars 2019 munu félögin sameinast frá og með 1. apríl.

Laun stjórnarmanna

Á aðalfundi árið 2018 var samþykkt tillaga um að hækka stjórnarlaun úr kr. 47.118 á mánuði í kr. 49.694, til samræmis við hækkun launavísitölu VR á viðmiðunartímabilinu. Hækkunin var í samræmi við samþykkt aðalfundar 2016 um að laun stjórnarmanna hækki / lækki í takt við launavísitölu félagsins.

Félagatal

Ár	Konur	Karlar	Samtals	Fullgildir félagsmenn við áramót
1998	10.361	6.023	16.384	
1999	11.286	6.602	17.888	
2000	12.026	7.138	19.164	
2001	12.601	7.470	20.071	
2002	12.747	7.605	20.352	
2003	12.964	8.023	20.987	
2004	13.511	8.695	22.206	
2005	13.871	9.351	23.222	
2006	15.465	10.584	26.049	
2007	16.014	11.423	27.437	
2008	16.802	11.974	28.776	
2009	16.491	11.574	28.065	
2010	16.584	11.703	28.287	
2011	16.804	12.036	28.840	24.319
2012	17.022	12.452	29.474	25.185
2013	17.072	12.709	29.781	25.760
2014	17.353	13.020	30.373	26.045
2015	17.672	13.430	31.203	26.628
2016	18.481	14.332	32.813	27.893
2017	19.250	15.981	35.231	29.977
2018	19.952	16.075	36.029	30.867

* Athugið að tölur yfir félagsmenn frá árinu 2011 eru tvískiptar, annars vegar sýna þær heildarfjölda félagsmanna og hins vegar fjölda fullgildra félagsmanna við áramót hvert ár. Upplýsingar um sambærilega skiptingu liggja ekki fyrir árin 1997 – 2010.

30.867

Fullgildir félagsmenn við
síðastliðin áramót.

Persónuverndaryfirlýsing VR

Um mitt ár 2018 birti VR opinberlega persónuverndaryfirlýsingu félagsins í ljósi nýrra laga um persónuvernd sem tóku gildi þann 15. júlí það ár. Yfirlýsingin greinir frá því hvernig VR stendur að söfnun, skráningu, vinnslu, vistun og miðlun persónugreinanlegra upplýsinga um félagsmenn sem og einstaklinga sem heimsækja vef félagsins. Yfirlýsingin er birt á vefsíðu VR, vr.is.

Jólaaðstoð 2018

Stjórn VR samþykkti að styrkja hjálparsamtök sem úthluta styrkjum til einstaklinga og fjölskyldna um fimm milljónir króna jóln 2018.

Mannfagnaðir

Um 600 eldri félagsmenn sátu árlegt kaffisamsæti á **uppstigningardeg 2018** en löng hefð er fyrir því að félagið heiðri eldri félagsmenn sína á þessum degi.

VR bauð einnig til kaffisamsætis að lokinni kröfugöngu og útifundi í Reykjavík **1. maí** eins og venja er. Alls þáðu um 1.500 manns veitingar í Laugardalshöll að þessu sinni. Fjórdi árið í röð skipulagði VR fjölskylduhlaup á Klambatúni í Reykjavík í tilefni af 1. maí og var það vel sótt að venju. Formaður VR, Ragnar Þór Ingólfsson, hélt ræðu á útifundinum á Ingólfstorgi þar sem hann fjallaði um stöðu launafólks nú, áratug frá hrúni, og sagði markmið verkalýðshreyfingarinnar í kjarasamningaviðræðum vera mannsæmandi líf fyrir dagvinnulaunin.

Um 250 félagsmenn og börn þeirra sóttu **jólaball VR** í byrjun desember 2018.

Einn réttur – ekkert svindl!

VR tekur þátt í verkefni Alþýðusambands Íslands *Einn réttur – ekkert svindl!* Verkefninu var hrint af stokkunum í febrúar árið 2016 og er beint gegn undirboðum á vinnumarkaði og svartri atvinnustarfsemi.

VR styrkir Gráa herinn

Stjórn VR samþykkti einróma á fundi sínum í janúar 2019 styrk að upphæð ein milljón króna til Gráa hersins, baráttuhóps eftirlaunafólks á vegum Félags eldri borgara, vegna undirbúnings málssóknar á hendur ríkinu vegna skerðingar á ellilífeyrisgreiðslum frá Tryggingastofnun ríkisins.

ÖNNUR STARFSEMI

SKIPULAG SKRIFSTOFU VR

Skrifstofur VR eru í Reykjavík, Vestmannaeyjum, á Akranesi, Selfossi og Egilsstöðum. Starfsemin skiptist í fjögur svið sem eru kjaramálasvið, fjármála- og rekstrarsvið, þjónustu- og mannauðssvið og þróunarsvið. Formaður ber ábyrgð á rekstri félagsins ásamt stjórn þess. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri félagsins.

Starfsmenn skrifstofu

Í byrjun mars 2019 voru 62 starfandi hjá VR í rúmlega 56 stöðugildum. Frá 1. mars 2018 til 28. febrúar 2019 hættu eftirtaldir störfum hjá félaginu: Einar M. Nikulásson, Sólrún Ástvaldsdóttir og Kjartan Valur Konráðsson á fjármála- og rekstrarsviði og Eva Demireva og Unnur Guðríður Indriðadóttir á þróunarsviði.

Á sama tímabili hófu eftirtaldir störf: Katrín Sólveig Sigmarsdóttir á þjónustu- og mannauðssviði, Sonja Steinarsdóttir og Oddur Gunnar Jónsson sem tók við starfi forstöðumanns fjármála- og rekstrarsviðs, Viktoría Jensdóttir og Berglind Laufey Ingadóttir á kjaramálasviði og Sigurveig Þórhallsdóttir og Sandra Ósk Jóhannsdóttir á þróunarsviði.

FASTRÁÐNIR STARFSMENN Á SKRIFSTOFU 1. MARS 2019

Formaður

Ragnar Þór Ingólfsson

Framkvæmdastjóri

Stefán Sveinbjörnsson

Fjármála- og rekstrarsvið

Oddur Gunnar Jónsson	Forstöðumaður
Auður Búadóttir	Bókhald
Birgir Georgsson	Eignaumsýsla
Björn H. Björnsson	Upplýsingatækni
Emil Gústafsson	Umsjón orlofseigna
Guðleifur Guðmundsson	Miðhútaskógur
Ingibjörg Hrund Þráinsdóttir	Gæða- og skjalamál
Sonja Steinarsdóttir	Rekstur tölvukerfa
Víktor E. Víktorsson	Upplýsingatækni

Kjaramálasvið

